

1277. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. mars 2025, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigurður Sigfússon, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Þórir Hilmarsson, Selma Björk Grétarsdóttir varamaður.

Fjarverandi: Arnþór Sigurðsson og Harpa Sævarsdóttir.

Gestir fundarins: Valgerður Kristjánsdóttir og Íris Þrúður Ólafsdóttir endurskoðendur, Sveinn Enok Jóhannsson og Þóra Skúladóttir Öfjörð, félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga VR, Oddur Gunnar Jónsson, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs VR, og Viðar Ingason, hagfræðingur VR.

Næsti fundur: 2. apríl 2025

Halla Gunnarsdóttir formaður setti fund. Hún bauð endurskoðendur og kjörna skoðunarmenn velkomna á fundinn sem og sviðsstjóra fjármála- og rekstrarsviðs VR og voru þau viðstödd kynningu og umræðu um ársreikning félagsins.

1. Fundargerðir 1275. og 1276. stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerðir 1275. og 1276. stjórnarfunda VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við þær.

Fundargerðirnar voru samþykktar og sendar til rafrænnar undirritunar til stjórnarmanna sem sátu viðkomandi fund.

2. Ársreikningur 2024

Fyrir fundinum lágu skjölin „Ársreikningur 2024 kynning fyrir stjórn“; Ársreikningur 2024 samanburður áætlun“; Ársreikningur VR 2024“ og „Lykiltölur árið 2024“ til kynningar og samþykktar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir ársreikning félagsins fyrir árið 2024. VR er skilgreint sem stórt félag skv. lögum um ársreikninga. Í viðauka skýrslu stjórnar eru birtar ófjárhagslegar upplýsingar og stjórnháttaryfirlýsing sem er nýtt.



Stefán sagði heildarafkomu ársins jákvæð um 879 m.kr., rekstrartekjur hækkuðu um 405 m.kr. milli ára eða 6,7% en gjöld um 801 m.kr. eða 13,9%. Fjármagnstekjur hækkuðu um 347 m.kr. Afkoma án fjármagnsliða var neikvæð um 57 m.kr. á árinu 2024 og hefur versnað milli ára um 396 m.kr. Rekstrarniðurstaða síðustu sjö ára hefur verið samtals 5 ma.kr.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir og Vala Ólöf Kristinsdóttir mættu til fundar kl. 17:35.

Eignir í árslok voru 18.373 m.kr. og hafa aukost um 5,6 ma.kr. á sjö árum. Fjárfestingar síðustu sjö ára hafa numið 2,2 ma.kr., m.a. vegna kaupa á orlofshúsum og framkvæmda. Eigið fé er um 15 ma.kr. og eiginfjárlutfall er 82%

Dagpeningar og styrkir Sjúkrasjóðs VR hækkuðu um 13,7% milli ára og námu 2.772 m.kr. árið 2024. Afkoma sjóðsins er neikvæð um 113 m.kr. Hlutfall dagpeninga af iðgjöldum sjóðsins var 85,6% og hefur hækkað fjögur ár í röð.

Nýting orlofshúsa félagsins var 78% á árinu sem er betri nýting en síðustu ár. Fjöldi gistinátta var hátt í 26 þúsund á árinu og hefur fjölgað um 11 þúsund frá árinu 2018. Hvað VR varasjóð varðar hækkuðu útgreiðslur sjóðsins um 126 m.kr. frá árinu 2023, síðustu sjö ár hafa útgreiðslur numið um 5 ma.kr.

Lagt er til að framlag í sjóðinn verði það sama og á síðasta ári, 1.050 m.kr.

Umræður

Að umræðum loknum var ársreikningur og tillaga um framlag í VR varasjóð samþykkt samhljóða.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætti til fundar kl. 17:50.

3. Skýrsla endurskoðenda vegna ársreiknings 2024

Fyrir fundinum lá skjalið „Endurskoðunarskýrsla VR 2024“ til kynningar.

Halla þakkaði Stefáni fyrir yfirferðina og bauð Valgerði Kristjánsdóttur, endurskoðanda frá PWC, að kynna skýrslu endurskoðenda.

Valgerður byrjaði á því að þakka fyrir vel unnin störf og gott samstarf við starfsfólk fjármála- og rekstrarsviðs við endurskoðun reikninga félagsins. Hún sagði ársreikninginn í samræmi við lög um ársreikninga og að endurskoðendur gerðu ráð fyrir að árita ársreikning félagsins án fyrirvara, eftir samþykkt stjórnar.

Meginmarkmið endurskoðunar ársreikningsins er að afla nægjanlegrar vissu um að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit. Skilgreindar eru verulegar áhættur og helstu áhættuliðir og fjallað um innra eftirlit sem er meðal mikilvægustu verkefna stjórnar og stjórnenda.



Endurskoðendur gera ýmsar prófanir og ófyrirsjáanlegar kannanir á hverju ári, sagði Valgerður. Endurskoðun varðandi verulegar áhættur, þ.e. möguleg sniðganga stjórnenda á innra eftirliti og sviksemi í tekjuskráningu, leiddi ekki í ljós frávik og er án verulegra athugasemda.

Sigurður Sigfússon mætti til fundar kl. 17:55.

Bjarni Þór Sigurðsson mætti á fjarfund kl. 17:57.

Valgerður fjallaði um aðgreiningu starfa sem felst í innra eftirliti. Endurskoðendur gerðu athugasemd við aðgreiningu starfa, til að mynda hafi sami aðili aðgang að fjárhagsbókhaldi félagsins og fjármunum í banka. Þá gerðu endurskoðendur athugasemd við aðgengi tveggja annarra aðila, en stjórnendur félagsins hafi brugðist strax við og leiðrétt. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við færslur í ofangreindum tilfellum. Endurskoðendur mæla með að stjórnendur yfirfari með reglubundnum hætti aðgreiningu starfa innan félagsins til að koma í veg fyrir ónóg aðgreiningu starfa.

Valgerður benti einnig á mikilvægi upplýsingakerfa félagsins sem eru mörg og flókin. Endurskoðendur mæla með að reglulega sé gerð sá úttekt á upplýsingakerfum og rekjanleika gagna.

Valgerður benti á að endanleg ábyrgð liggi hjá stjórn.

Jennifer Schröder fór af fundi kl. 18:10.

Valgerður ræddi einnig yfirlit yfir tengda aðila sem nú er gerð krafa um hjá stjórnarmönnum. Ekki hafi allir stjórnarmenn skilað því yfirliti.

Umræður

Halla þakkaði Valgerði fyrir yfirferðina og áréttaði að það sé skylda stjórnarfólks að skila yfirliti yfir tengda aðila.

4. Skýrsla skoðunarmanna VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Skoðunarmenn VR kynning fyrir stjórn 2025“ til kynningar.

Halla bauð velkomna skoðunarmenn félagsins, þau Svein Enok Jóhannsson og Þóru Skúladóttur Öfjörð sem kynntu skýrslu sína á glærum.

Skoðunarmenn fjölluðu um helsti atriði sem fram komu í fundargerðum stjórnar og álitaefni innan stjórnar. Rætt var um hvaða lærdóm megi draga af framboði fyrrverandi formanns til Alþingis og hvernig félagið geti tryggt hlutleysi og samfellu í stjórn. Þá var rætt um viðhorf til fjárfestingarstefnu félagsins, einkum eins og þau snúa að fjárfestingum í innlendum hlutabréfum.

Skoðunarmenn fjölluðu einnig um veittan stuðning félagsins við kjarabaráttu annarra félaga og lagði fyrir stjórn hvort félagið ætti að hafa skýrari stefnu hvað varðar stuðning við verkföll.

Að lokum ræddi skoðunarmenn sjálfbærnivegferð félagsins sem verið hefur til umræðu á fundum og sögðu mikilvægt að félagið spyrji sig hversu langt það vill ganga í sjálfbærniáherslum.

Skoðunarmenn mæltu með skýrari framsetningu nokkurra málefna stjórnar, s.s. sameiningu VR og Leiðsagnar, fjármögnunar Blævar, stefnu félagsins gagnvart efnahagsmálum og stjórnvöldum, reglum um pólitíska þátttöku kjörinna fulltrúa VR og hugsanlegar aðgerðir ef kjaraviðræður ganga illa.

Umræður

Að umræðum loknum var ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða. Reikningurinn var undirritaður rafrænt af stjórn, endurskoðendum og skoðunarmönnum félagsins án fyrirvara og telst samþykktur.

Halla þakkaði endurskoðendum, skoðunarmönnum og sviðsstjóra fjármála- og rekstrarsviðs fyrir komuna og yfirlit þau fundinn um kl. 18:30.

Halla óskaði eftir að gera dagskrárbreytingu, bæta við lið #13 Gjafabréf Icelandair, en aðrir liðir færist til í dagskránni í ljósi þessa, og var það samþykkt.

5. Kjaramál – staðan

Fyrir fundinum lá skjalið „Hagræðingartillögur ríkisstjórnar minnisblað“ til kynningar.

Halla skýrði frá því að náðst hafi samningar við Elkem en kjaradeilu SA og Elkem ásamt deilu SA og Norðuráls var vísað til ríkissáttasemjara. Samningurinn við Elkem er áþekkur þeim sem gerður var á almennum vinnumarkaði að undanskildu endurskoðunarákvæði sem í raun er uppsagnarákvæði fyrirtækisins. Það kveður á um að Elkem geti tekið samninginn upp ef breytingar verða á framboði og verði raforku. Raforkusamningur Elkem er laus eftir þrjú ár. Kjaradeilan við Norðurál er enn óleyst.

Viðar Ingason hagfræðingur VR kemur inn á fundinn um kl. 18:55.

Halla ræddi því næst hagræðingartillögur ríkisstjórnarinnar sem kynntar voru fyrr í mánuðinum og hafa verið í rýni hjá hagdeild. Það eru einkum fjögur málefni sem vekja athygli í þessum hagræðingartillögum og hafa mesta þýðingu fyrir VR og verkalýðshreyfinguna.

Halla benti á að í tillögunum væri verið að leggja til að endurskoða stöðu ríkissáttasemjara en til grundvallar henni væru kannanir Samtaka atvinnulífsins. Tillögurnar vega að samningsrétti verkálýðshreyfingarinnar, verið sé að taka í burtu samtalið milli aðila á vinnumarkaði og fela erindreka stjórnvalda málið. Þetta sé vond þróun. Í öðru lagi ræddi Halla tillögur að því að leggja niður áminningarferli hjá hinu opinbera sem veikir rétt opinberra starfsmanna. VR myndi vilja hafa þróunina á hinn veginn, að styrkja stöðu starfsfólks á almennum vinnumarkaði þegar kemur að uppsögnum.

Í þriðja lagi fjalla hagræðingartillögurnar um að leggja niður ákveðnar nefndir og ráð innan Vinnumálastofnunar sem verkálýðshreyfingin á aðkomu að og eru til þess fallin að styrkja stöðu launafólks. Og í fjórða lagi er fjallað um útvistun eftirlits á vinnumarkaði, t.d. að færa hluta verkefna Vinnueftirlitsins í hendur einkaaðila. Það gæti haft áhrif á öryggi og vinnuvernd starfsfólks ef eftirlit með vinnustöðum er einkavætt.

Halla lagði til að stjórnin sendi frá sér ályktun vegna þessara tillagna og birti drög að slíkri ályktun, sem er svohljóðandi:

Drög að ályktun stjórnar VR vegna hagræðingartillagna ríkisstjórnarinnar

Stjórn VR varar við að vinnumarkaðslöggjöfin sæti endurskoðun með það að markmiði að auka valdheimildir ríkissáttasemjara, líkt og skilja má af tillögum starfshóps forsætisráðherra um hagræðingu í ríkisrekstri. Jafnframt telur stjórn VR óhæft að ríkisstjórnin leggi til útvistun eftirlits á vinnumarkað.

Þann 4. mars 2025 kynnti ríkisstjórn Íslands niðurstöður starfshóps forsætisráðherra um hagræðingu í ríkisrekstri. Tillögurnar eru af margvíslegum toga og ná yfir ólík svið. Einhverjar fela í sér eðlilegar aðgerðir sem mætti ráðast í til þess að ná fram hagkvæmni í ríkisrekstri án skerðingar á þjónustu og í þverpólitískri sátt. Aðrar tillögur eru hins vegar illa ígrundaðar og óútfærðar. Í sumum tilfellum er ekki ljóst hvernig þær eigi að skila aukinni hagræðingu og í öðrum virðist starfshópurinn ekki átta sig á alvarlegum og víðtækum afleiðingum tillagna sem myndu hrófla við mikilvægum stöðum í samfélaginu.

Í tillögu starfshóps forsætisráðherra um lagagrundvöll ríkissáttasemjara kemur fram að nauðsynlegt sé að endurskoða lög sem fjalla um ríkissáttasemjara og vinnumarkaðinn, sérstaklega í ljósi þess að tengja eigi „stór bótakerfi við launaþróun í landinu“. Ekki er hægt að skilja „hagræðinguna“ sem hlýst af slíkum aðgerðum með öðrum hætti en að halda eigi niðri launaþróun í landinu og þar með samsvarandi þróun á bótakerfinu. Hér eigi að horfa til löggjafar sem þekkist í öðrum Norðurlöndum. Markmið þessarar tillögu, sem virðist vera tekin gagnrýnislaust upp úr umsögn Samtaka atvinnulífsins, virðist vera að auka valdheimildir ríkissáttasemjara til að ná fram kjarasamningum með valdboði ríkisvaldsins í gegnum miðlunartillögur og miðstýrða launastefnu í stað samningaviðræðna eins og verið hefur hér á landi.

VR gerir athugasemd við tillögu starfshópsins og telur hana til þess fallna að vega að samingafrelsi á vinnumarkaði og kollvarpa því vinnumarkaðslíkani sem hefur verið við lýði hér á landi undanfarna áratugi. Samanburðurinn við önnur Norðurlönd er ómarkviss enda nauðsynlegt að skoða útfærslur á hlutverki ríkissáttasemjara í heildrænu samhengi. Undirstaða þess að ná fram sátt á vinnumarkaði er að launafólk semji um kaup og kjör á eigin forsendum og í virku samtali við atvinnurekendur. Það er ótækt að úthýsa þeirri ábyrgð til erindreka ríkisvaldsins.



VR furðar sig jafnframt á því að þessi tillaga sé sett fram af starfshópi forsætisráðherra án samráðs við samtök launafólks. Það vekur sérstaka athygli að formaður starfshópsins nefnir að fjöldi tillagna frá almenningi hafi ekki verið tekinn fyrir þar sem þær fælu í sér „pólitísk úrlausnarefni“. Tillaga starfshópsins um breytingar á hlutverki ríkissáttasemjara er að sjálfsögðu hápólítísk og að mati VR er það slæm pólitík sem þar virðist ráða för.

Að sama skapi setur VR spurningarmerki við tillögur starfshópsins um útvistun verkefna hjá Vinnueftirlitinu. Það er með öllu óljóst hvernig slík einkavæðing ætti að skila mikilli hagræðingu enda hefur starfshópurinn ekki lagt mat á þær fjárhæðir. Eftirlit á vinnumarkaði er gífurlega mikilvægur liður í því að tryggja að öryggi og aðbúnaður launafólks sé í lagi. Því miður eru fjölmörg dæmi sem sýna að svo sé ekki alltaf raunin, sérstaklega þegar um erlent starfsfólk er að ræða. Í tillögum starfshópsins er hvergi minnst á hvernig eigi að útfæra þessa útvistun eða eða tryggja áfram hagsmuni launafólks.

12. mars 2025
Stjórn VR

Umræður

Í umræðum var samþykkt tillaga Jónasar Yngva Ásgrímssonar um að bæta við umfjöllun vegna tillögu um að fella niður áminningarferli hjá hinu opinbera. Stjórn samþykkti að senda frá sér tillöguna, að teknu tilliti til breytinga, og verður endanlegt eintak með breytingartillögu til samþykktar sent stjórnarfólki í tölvupósti fyrir birtingu á vef.

6. Staða á kjarasamningi VR við SA 2024, launa-, verðlags- og vaxtaþróun

Fyrir fundinum lá skjalið „Staða kjarasamnings 2024, þróun launa, verðlags og vaxta“ til kynningar.

Viðar Ingason, hagfræðingur VR, fór yfir þróun launa og verðlags frá nóvember 2023 til nóvember 2024 á glærum. Viðar benti á í upphafi að við samanburð á þróun verðlags skipti miklu máli við hvaða upphafspunktur er stuðst, hér sé verið að skoða nýjustu tölur Hagstofunnar, ársþróun miðað við nóvember 2024-3 og 2024. Verðlag á tímabilinu hefur hækkað um 4,8% en launavísitala Hagstofunnar um 6,1%

Tölurnar frá Hagstofunni sýna nokkuð launaskrið hjá tilteknum hópum innan VR, sagði Viðar, sem er í samræmi við tölur VR. Lægsti launahópurinn fékk mestu hækkunina á tímabilinu, 59%. Launahækkun að frádreginni verðbólgu á tímabilinu er 2,2% hjá skrifstofufólki en 1,9% hjá þjónustu- sölu- og afgreiðslufólki.

Á sama tímabili hafa stýrivextir lækkað úr 9,2% í 8% og hafa óverðtryggðir vextir fasteignalána fylgt þeirri lækkun, farið úr 9,6% í 8,4%. Verðtryggðir vextir hafa hins vegar hækkað, þeir voru 3,2% í upphafi tímabilsins en 4% undir lokin, og fylgja þannig ekki þróun stýrivaxta.



Hvað varðar þróun verðbólgu má búast við að hún fari undir 4% í marsmælingu en ytri þættir, t.d. tollastríð, gætu haft ófyrirséð áhrif.

Að lokum fór Viðar yfir forsendur kjarasamninga, en þær kveða á um að launa- og forsendunefnd skuli úrskurða um sérstakan kauptaxtauka ef launavísitala Hagstofunnar sýni að laun á almennum vinnumarkaði hafi hækkað umfram hækkun lægstu kauptaxta. Sú staða er uppi núna og er kauptaxtauki 0,58%.

Umræður

Diljá Ámundadóttir Zoega fór af fundi kl. 19:40.

Að umræðum loknum þakkar Halla Viðari fyrir góða yfirferð og fer hann af fundi um kl. 19:45.

7. Tillögur að lagabreytingum VR

Fyrir fundinum liggja skjölin „Tillögur stjórnar að lagabreytingum aðalfundur 2025“ og „Tillaga að lagabreytingum – viðbót frá stjórnarfund 12. febrúar 2025“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir tvær tillögur laganefndar að lagabreytingum fyrir aðalfund sem komu til eftir samþykkt síðasta stjórnarfundar. Um er að ræða tillögur um breytingar á starfssviði félagsins og uppfærslu tveggja greina vegna þessa. Tillögurnar eru:

1. gr. Heiti, starfssvæði

Núverandi hljóðan:

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótaldalshrepps og Fjarðabyggðar. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Verður:

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks, **sérfræðinga og stjórnenda**. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, Hvalfjarðarsveitar, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótaldalshrepps og Fjarðabyggðar. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skýring með tillögunni:

Tillögur sem lagðar voru fyrir fund stjórnar þann 12. febrúar miðuðu að því að skerpa á því hver getur verið félagi í VR. Þessi tillaga er hluti af því.

6. gr. Úrsögn, 2. mgr.

Núverandi hljóðan:

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann féлага sem hverfur sem starfskraftur frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

Verður:

Fella skal burt af félagaskrá hvern þann féлага sem ~~hverfur sem starfskraftur frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum eða~~ tekur að stunda atvinnu sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага.

Skýring með tillögunni:

Í ljósi tillagna þar sem skerpt er á starfssviði félagsfólks VR í nokkrum ákvæðum laganna, er lagt til að hér verði ekki tilgreint starfssvið heldur að fella skuli af félagaskrá hvern þann sem tekur að stunda atvinnu sem ekki fellur undir starfssvið VR heldur annarra stéttarféлага. Ekki er um efnisbreytingu að ræða.

Umræður

Tillögurnar voru lagðar fyrir fundinn og samþykktar samhljóða.

8. Tillaga að stjórnarlaunum

Fyrir fundinum lá skjalið „Tillaga að stjórnarlaunum“ til afgreiðslu.

Halla benti á að stjórn hafi samþykkt stjórnarlaun á síðasta fundi að undanskildri útfærslu launataps stjórnarfólks vegna starfa fyrir félagið sem ekki er greitt sérstaklega fyrir. Stjórnarmönnum Jónasi Yngva Ásbjörnssyni og Gabríel Benjamin var falið að leggja fyrir þennan fund tillögu að útfærslu og er hún sem hér segir:

„Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki tímakaup vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, eða fyrir setu í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir. Greiðsla þessi jafngildir launatapi sem stjórnarfólk verður fyrir en að lágmarki greiðist tímakaup sem jafngildir meðal dagvinnukaupi félagsfólks VR í janúar 2025.“

Umræður

Í umræðum lagði Sigríður Lovísa Jónsdóttir fyrir breytingartillögu þannig að í stað þess að miðað sé við að lágmarki tímakaup sem jafngildi meðal dagvinnukaupi félagsfólks sé miðað við laun viðkomandi stjórnarmanns.

Breytingartillagan var lögð fyrir fundinn.



Þrír greiddu atkvæði með tillögunni.

Átta greiddu atkvæði á móti tillögunni og telst hún felld.

Upprunalega tillagan var því næst lögð fyrir í atkvæðagreiðslu.

Átta greiddu atkvæði með tillögunni og enginn greiddi atkvæði gegn henni. Tillagan telst því samþykkt.

Tillaga launaneftdar um stjórnarlaun á aðalfundi 2025 er því svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Grand hóteli miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að stjórnarlaun verði 81.612 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fá sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum.

Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.849 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.

Auk þess er heimilt að greiða stjórnarfólki tímakaup vegna starfa fyrir félagið eins og vegna þinga ASÍ og LÍV, eða fyrir setu í ráðum og nefndum á vegum VR sem ekki er greitt sérstaklega fyrir. Greiðsla þessi jafngildir launatapi sem stjórnarfólk verður fyrir en að lágmarki greiðist tímakaup sem jafngildir meðal dagvinnukaupi félagsfólks VR í janúar 2025.

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

9. Tillaga að gullmerkishöfum

Halla fór yfir tillögu að gullmerkishöfum 2025 en gullmerki eru afhent á aðalfundi.

Samkvæmt reglum um gullmerkishafa má að hámarki veita þrjú gullmerki á ári.

Tillögurnar eru:

Jóhanna S. Rúnarsdóttir sem sat í trúnaðarráði í 17 ár og í stjórn í 8 ár, Jón Hrafn Guðjónsson sem sat í trúnaðarráði í 26 ár og Árni Leósson sem starfaði fyrir félagið í 32 ár.

Lagt fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

10. Tillaga til aðalfundar vegna endurskoðunar á styrkjafyrirkomulagi VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Tillaga um endurskoðun á styrkjakerfi VR“ til afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson sagði frá því að á aðalfundi verður lögð fyrir tillaga sem kveður á um að reglugerð VR varasjóðs falli úr gildi ef félagsfólk samþykkir í

allsherjaratkvæðagreiðslu að taka upp nýtt styrkjakerfi og leggja af VR varasjóð. Eins og fjallað var um á síðasta fundi er stefnt að því að leggja í dóm félagsfólks hvort halda eigi í VR varasjóð eða taka upp nýtt styrkjakerfi, líkara því sem önnur stéttarfélög hafa. Hann fór yfir tillöguna og tímalínu. Tillagan og skýring með henni eru svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 26. mars 2025, samþykkir að reglugerð um VR varasjóð falli úr gildi samþykki félagsfólk VR upptöku nýs styrkjakerfis í allsherjaratkvæðagreiðslu á starfsárinu.“

Skýring með tillögu um endurskoðun á styrkveitingum

Stjórn VR hefur samþykkt að taka til skoðunar fyrirkomulag styrkveitinga félagsins sem í dag eru að stærstum hluta í gegnum VR varasjóð. Þessi ákvörðun felur í sér allsherjaratkvæðsgreiðslu meðal VR félaga á starfsárinu um milli tveggja valkosta, VR varasjóðs annars vegar og hefbundins styrkjakerfis stéttarfélaga hins vegar. Allsherjaratkvæðagreiðslan verður haldin að lokinni ítarlegri kynningu á báðum valkostum í öllum miðlum félagsins og á félagsfundi haustið 2025. Í þeirri kynningu verður fjallað um kosti og galla beggja kerfa og næstu skref, verði breytingar á styrkjakerfinu samþykktar.

Umræður

Lagt fyrir fundinn að leggja tillöguna fyrir á aðalfundi.

Samþykkt.

11. Sameining VR og Leiðsagnar

Fyrir fundinum lágu skjölin „Samningur um sameiningu VR og Leiðsagnar mars 2025“, „Starfsreglur deildar leiðsögufólks í VR mars 2025“ og „Tillaga um sameiningu VR og Leiðsagnar“ til kynningar og afgreiðslu.

Halla skýrði frá því að tillaga um allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsfólks Leiðsagnar um sameiningu hafi verið lögð fyrir félagsfund Leiðsagnar í vikunni. Tillagan hafi verið samþykkt með 80% atkvæða. Aukinn meirihluta, 2/3 atkvæða, þarf fyrir sameiningu og á niðurstaðan að liggja fyrir áður en VR heldur aðalfund 26. mars 2025.

Stefán fór yfir samning félaganna. Félagsfólk Leiðsagnar fær fullan aðgang að Orlofssjóði VR eftir sameiningu, en takmarkaðan aðgang að Sjúkrasjóði félagsins í ljósi þess að veikindaréttur samkvæmt kjarasamningum félaganna er mismunandi, hann er minni hjá félagsfólki Leiðsagnar. Stofnuð verður deild leiðsögufólks innan VR eftir sameiningu, ef af verður.

Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki stjórnar auk annarra fyrirvara.



Samningurinn var hann lagður fyrir fundinn og samþykktur.

Drög að starfsreglum deildar leiðsögufólks voru lögð fyrir fundinn og samþykkt.

12. Lagabreytingar hjá LÍV

Tillögur að breytingum á lögum hjá Landssambandi ísl. verzlunarmanna voru kynntar á síðasta fundi stjórnar en lágu milli funda þar sem formaður óskaði eftir athugasemdum, einkum í ljósi tillagna um breytingu á 16. gr. um kjör stjórnar en þær breytingar jafngildi því að atkvæðagreiðsla til stjórnar verði lögð af. Breytingarnar kveða á um skiptingu stjórnar eftir félögum þar sem verulega hallar á VR.

Engar athugasemdir bárust milli funda.

Halla lagði til að skilaboð frá stjórn VR til LÍV vegna tillagna um breytingar á lögum sambandsins verði á þá vegu að stjórnin sé sátt við tillögur um vægi og fjölda á þingum sambandsins, en ekki breytingar á kjöri til stjórnar.

Samþykkt.

13. Gjafabréf Icelandair

Stefán Sveinbjörnsson rifjaði upp að nú stæðu yfir samningaviðræður við Icelandair um gjafabréf fyrirtækisins sem seld eru til félagsfólks. Icelandair ákvað einhliða að lækka afslátt fyrirtækisins til VR úr 10% í 7% sem hefur í för með sér að gjafabréfin verði dýrari í sölu til félagsfólks. Samningaviðræður hafa ekki skila árangri og eru bréfin ekki til sölu lengur. Stefán sagði VR og önnur stéttarfélög sem selja gjafabréfin hafa komið fram með tillögu til lausnar málinu, en Icelandair hafi hafnað henni.

Stéttarfélögin hafa fundað um stöðuna, valkostir í boði eru að ganga að kröfum Icelandair, niðurgreiða meira eða hætta alfarið sölu bréfanna. Fyrir stjórn liggja að taka ákvörðun um næstu skref en fyrirhugað er að stéttarfélögin fundi aftur um málið fljótlega.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir bókar hjásetu í umræðu um málið.

Bjarni Þór Sigurðsson lýsti því yfir að hann teldi tvo stjórnarmenn sem starfa hjá Icelandair vanhæfa til að taka þátt í umræðunni. Í kjölfarið véku af fundi, Svanhildur Ólöf og Vala Ólöf Kristinsdóttir, en mótmæltu báðar því að þær væru vanhæfar.

Umræður

Svanhildur og Vala komu aftur inn á fundinn að umræðum loknum.

Niðurstaðna umræðna var sú að VR væri tilbúið að hætta samstarfinu við fyrirtækið geri önnur félög slíkt hið sama. Ef aðrar leiðir eru ræddar, verði málið tekið upp að nýju á vettvangi stjórnar.

Halla áréttaði að vanhæfi samkvæmt starfsreglum stjórnar eigi við um meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar stjórnarmann eða náð venslafólk hans og félagasamtök eða félög þar sem hann situr í stjórn. Að starfa hjá fyrirtæki sem sé til umfjöllunar geri fólk ekki sjálfkrafa vanhæft til þess að koma að umræðum og afgreiðslu máls.

Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 20:30.

Fund slitið kl. 21:05.